

Nd.

419. Tillaga

til þingsályktunar um breyting á slysatryggingalögum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, er feli í sér þær breytingar á slysatryggingalögunum, að meira samræmi en nú á sér stað verði komið á um greiðslu dagpeninga þegar slys ber að höndum, þannig að þeir, sem sjó stunda, verði ekki verr úti en hinir, sem í landi vinna.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt áskorun frá þingmálafrundi á Akranesi. Við framkvæmd slysatryggingalaganna hefir það komið mjög þerlega í ljós, að óhjákvæmilegt er, að komið verði á meira samræmi en nú á sér stað um greiðslu dagpeninga þegar slys ber að höndum, þannig að þeir, sem sjó stunda, verði ekki verr úti en þeir, sem í landi vinna.